



Jarðarför sebrahests

Einu sinni, í frumskógi langt, langt í burtu, lifðu fill, gíraffi, ljón, tigrisdýr og sebrahestur. Skógardýrin voru upphaflega óvinir sem eltu og veiddu hvert annað, en dag einn ákváðu þau að verða vinir svo þau gætu verið örugg og hamingjusöm. Þau borðuðu saman, hlógu og léku sér og gættu hvers annars fyrir hættum. Dýrin voru ánægð og urðu góðir vinir. En svo dag einn gerðist svolítið hræðilegt. Sebrahesturinn dó.

Í fyrstu trúðu dýrin ekki að vinur þeirra; sebrahesturinn, væri dáinn. Þau héldu kannski að ef þau væru sérstaklega góð í einn dag myndi sebrahesturinn lifna við. En daginn eftir var hann alveg jafn dáinn. Ljónið var reitt yfir því að sebrahesturinn, vinur þess, var dáinn og öskraði hátt. Gíraffinn sagði „Vinur okkar, sebrahesturinn, er dáinn og farinn frá okkur að eilífu. Það er mjög sorglegt. Við þurfum að skipuleggja jarðarför“. „Hvað er jarðarför?“ spurði fillinn. „Jarðarför er sérstök athöfn þar sem allir geta minnst einhvers sem er dáinn og vottað honum virðingu“ sagði gíraffinn.

Öll dýrin söfnuðust saman í jarðarför sebrahestsins. Þau spiluðu tónlist sem hæfði jarðarförinni og komu fyrir mörgum blómum. „Hvaða kassi er þetta sem sebrahesturinn liggur í?“ spurði tigrisdýrið. Gíraffinn svaraði: „Þetta er sérstakur kassi sem er kallaður líkkista“. Fíllinn gekk að kistunni og sá sebrahestinn liggja í henni. „Vinur okkar; sebrahesturinn, er ekki dáinn! Hann er bara sofandi“ sagði fíllinn æstur. Gíraffinn svaraði „Vinur okkar; sebrahesturinn, lítur út fyrir að vera sofandi vegna þess að hann er með lokuð augun og hann hreyfist ekki. En því miður er hann dáinn. Líkaminn er hættur að starfa. Hann getur ekki lengur borðað eða sofið, talað eða andað eða neitt“. „Núna ættum við að minnst vinar okkar; sebrahestsins, sem er dáinn. Ljón, þar sem þú ert konungur dýranna, vilt þú þá ekki fara með minningarorð?“ „Hvað eru minningarorð?“ spurði ljónið. Gíraffinn svaraði: „Það er ræða sem er haldin til þess að minnst einhvers sem er dáinn og lífs hans eða hennar“. Svo ljónið hélt minningarræðu um vinn sinn; sebrahestinn. Ljónið talaði um hve góður vinur sebrahesturinn var; ávallt góður við alla – jafnvel við flugurnar sem gátu verið svo pirrandi! Ljónið talaði um hve sebrahesturinn var góður í að hlaupa langar vegalengdir og um hve hans væri sárt saknað. Öll skógardýrin hlustuðu á minningarorð ljónsins. Fíllinn og gíraffinn grétu, en tigrisdýrið hló – ekki af því að það var ánægt, heldur vegna þess að því leið ekki vel og vissi ekki hvernig það átti að vera.

Svo kom að því að jarða sebrahestinn. Dýrin héldu gætilega á sebrahestinum í líkkistunni að gröfinni; fallegum stað nálægt fossi sem sebrahestinum þótti svo vænt um. Dýrin settu kistuna með vini sínum varlega ofan í stóra holu í jörðinni. Gíraffinn henti mold yfir kistuna. „Stopp!“ kallaði fíllinn. „Ef þú grefur vin okkar sebrahestinn ofan í jörðinni getur hann ekki andað og verður hræddur“. „Hafðu ekki áhyggjur“ sagði gíraffinn. „Mundu það sem ég sagði; þegar líkaminn deyr hættir hann að virka. Hann hættir að anda og finna til. Sebrahesturinn mun ekki finna til þó hann sé í kistunni ofan í jörðinni“. Öll dýrin voru fegin að heyra þetta.

Gíraffinn setti legstein við leiði sebrahestsins. „Hvað er þetta?“ spurði ljónið. „Þetta er legsteinn. Á honum stendur nafn vinar okkar; sebrahestsins, fæðingardagur hans og hvaða dag hann dó. Við setjum legsteininn á leiðið hans svo við vitum hvar hann er grafinn og getum komið aftur þegar við viljum og verið hjá honum“. Svo settu dýrin blóm á leiðið þar sem vinur þeirra; sebrahesturinn, var grafinn.

Þó þetta væri sorglegur dagur og dýrin vissu að þau myndu áfram sakna vinar síns; sebrahestsins, fannst þeim gott að vita að þau gætu farið að leiði sebrahestsins og sett á það blóm þegar þau langaði til. Það myndi hjálpa þeim að muna eftir sérstökum vini þeirra; sebrahestinum.

- Lýstu jarðarför sebrahestsins.
- Hvaða orð eru oft notuð þegar einhver deyr?
 - Dáinn, látinn
 - Lík
 - Sorg, missir
 - Aðstandendur
 - Dánarfregnir, andlátstilkynning
 - Kirkja, líkhús
 - Minningarathöfn
 - Kistulagning
 - Jarðarför
 - Líkbrennsla, duftker
 - Minningarorð
 - Sálmur, krans
 - Líkbíll
 - Kirkjugarður
 - Gröf, leiði
 - Legsteinn
- Hefur þú farið í jarðarför?
- Hvað manst þú eftir úr jarðarförinni?
- Hvernig leið þér í jarðarförinni?
- Finnst þér að eitthvað hefði átt að vera öðruvísi í jarðarförinni?
- ...